

7. fundur stjórnar AP, starfsárið 2009-2010

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 14. apríl 2010 kl.14:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Gunnólfur Lárusson, Margrét Bjarnadóttir, Sigurgeir Höskuldsson og Guðmundur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi Byggingastofnunar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Drög að ársreikningi AP 2009

Framkvæmdastjóri fór yfir reikninginn og gerði grein fyrir einstökum þáttum hans. Framsetningu reikningsins hefur verið breytt frá fyrra ári varðandi vaxtarsamning. Eftir yfirferð var samþykkt að framkvæmdastjóri færi nánar yfir ákveðin atriði hans með endurskoðanda félagsins.

2. Drög að ársreikningi vaxtarsamnings 2009

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningnum. Heildarniðurstöður liggja fyrir en eftir er að ganga frá ýmsum sundurliðunum og skýringum skv. kröfum iðnaðarráðuneytisins.

3. Sala hlutabréfa í eigu fyrrum Kísilgúrsjóðs

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að þeim félögum sem Kísilgúrsjóður átti hluti í hafi verið ritað bréf þar sem söluáform voru kynnt og upplýsinga óskað um fjárhagsstöðu viðkomandi félags og gildandi forkaupsréttarákvæði.

Þegar hefur borist tilboð frá stjórn eins þessara félaga – Eldá ehf. – um kaup á hlutabréfum fyrrum Kísilgúrsjóðs. Samþykkti stjórnin að ganga að því tilboði.

4. Aðalfundur AP

Rætt um tíma- og staðsetningu aðalfundar AP. Samþykkt að stefna að fundinum seinni hluta júnímánaðar þegar nýjar sveitarstjórnir hafa tekið við umboði sínu. Framkvæmdastjóra jafnframt falið að athuga með fundarstað.

5. Vaxtarsamningur – stöðuyfirlit verkefna 2009 – fjárhagsstaða – afgreiðsla umsókna

- a) Framkvæmdastjóri lagði fram og gerði grein fyrir yfirliti um stöðu þeirra verkefna sem samþykkt var að taka þátt í á árinu 2009. Flest verkefnanna eru þegar farin af stað og mörgum raunar lokið og fyrirséð að þau munu öll verða framkvæmd.
- b) Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit um fjárhagsstöðu vaxtarsamnings miðað við þær forsendur sem fyrir liggja um tekjur ársins og óráðstafaða fjármuni frá fyrra ári.
- c) Farið yfir umsóknir og þær afgreiddar. Fyrir liggja 14 umsóknir þar sem samtals er sótt um tæplega 26 mkr.

Samþykkt að taka þátt í eftirfarandi verkefnum skv. ákvæðum vaxtarsamnings og þeim viðmiðum sem sett hafa verið í samninga sem um þátttöku í einstökum verkefnum eru gerðir:

- 1) Urður-tengslanet kvenna á Norðausturlandi kr. 300.000,-
- 2) Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga – innleiðing ferðamálaáætlunar kr. 1.500.000,-
- 3) Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga f.h. óstofnaðs klasa – sameiginlegt markaðs og kynningarstarf „North East Iceland-Edge of the Arctic“ kr. 1.000.000,-
- 4) Daníel Hansen f.h. óstofnaðs áhugahóps – fræðasetur um forystufé kr. 350.000,-
- 5) Norðurhjarí-ferðaþjónustuklasi – efling ferðaþjónustu austan Jökulsár kr. 2.000.000,-
- 6) Safnaþing – samstarf safna og sýninga á Norðausturlandi kr. 700.000,-
- 7) Fjallasýn ehf. – „Arctic Nature Experience“ kr. 800.000,-
- 8) GS solver ehf. – frjósemi búfjár og frumutala í mjólk-falinn áhrifavaldur? kr. 300.000,-
- 9) Félag áhugafólks um heimafóðurverkefnið – heimafóður-átak til athafna kr. 750.000,-
- 10) Fuglastígur á Norðausturlandi-klasi – þróun og markaðssetning kr. 1.500.000,-
- 11) Fuglasafn Sigurgeirs ses. – margmiðlunarefni um fugla Íslands kr. 1.500.000,-
- 12) Áhugahópur um eflingu atvinnulífs í Aðaldal – „Textahús“ kr. 300.000,-

Birna Björnsdóttir vék af fundi við afgreiðslu verkefna nr. 1 og 4. Margrét Bjarnadóttir vék af fundi við afgreiðslu verkefnis nr. 12.

6. Önnur mál

Rætt um stöðu mála vegna bókaútgáfu sem tengist Snow Magic verkefninu. Samþykkt að boða fyrrum starfsmann til fundar við formann og framkvæmdastjóra með ábyrgðarbréfi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30